

# TÓNHOLT

## Rólegur kúreki

Blind  
blinduð af þér ég  
málaði upp mynd  
sem ég er sátt með  
en þú labbar um með skambyssu  
og dregur hana úr slíðrinu  
og miðar henni á alla í kring  
með höndina á sylgjunni  
og sveifluna á lykkjunni  
en ég leit alltaf undan afþví

Brosið og bláu augun  
dáleiða um leið  
eitt augnaráð  
og ég er háð þér

**En rólegur kúreki  
komdu niður af háa hestinum  
hvernig væri að líta inn á við  
þú ert ekki einn í heiminum  
Hættu að skjóta mig niður  
þú ert ekki James Dean því miður**

**Rólegur Kúreki (x2)**

Týnd  
Fæ engin viðbrögð  
þegar ég syng  
um þig ástarlög  
með stráið þitt í munninum  
og stóran hatt á höfðinu  
þú starir bara áfram veginn  
og gleymir þér í sjálfhverfu  
og neitar svo að horfa upp  
á stjörnubjartan himininn

Brosið og bláu augun  
dáleiða um leið  
eitt augnaráð  
og ég er háð þér

**En rólegur kúreki  
komdu niður af háa hestinum  
hvernig væri að líta inn á við  
þú ert ekki einn í heiminum  
Hættu að skjóta mig niður  
þú ert ekki James Dean því miður**

**Rólegur Kúreki (x4)**

**Hættu að skjóta mig niður  
þú ert ekki James Dean því miður  
Rólegur Kúreki  
(aaaah) Rólegur kúreki**

hættu að.. já